

Þriðjudaginn 14. febrúar 1989.

Nr. 415/1988. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegen

Steindóri Einarssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Þjófnaður. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 2. desember 1983 að ósk ákærða en einnig af ákærvaldsins hálfu til þyngingar.

Verjandi krefst þess að hinum áfrýjaða dómi verði breytt á þá leið að refsing verði skilorðsbundin. Þá krefst hann málsvarnarlauna.

Lögð hafa verið fram ný gögn fyrir Hæstarétt. Er hér um að ræða bréf Oktavíu Guðmundsdóttur félagsráðgjafa dagsett 17. nóvember 1988 og bréf Grétars Sigurbergssonar geðlæknis dagsett 9. febrúar sl. Bréf þessi varða alvarlegan heilsubrest ákærða. Þá hefur verið lagt fram nýtt sakarvottorð ákærða. Þar kemur fram að 19. júlí 1988 hefur ákærði undirgengist sátt um 20.000,00 króna sekt vegna brots á 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 48. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og verið sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá 15. nóvember 1990. Sátt þessi er hegningarauki við dóm frá 15. apríl 1988.

Með skírskotun til raka hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig að við refsíákvörðun ber að vísa til 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 auk 60. gr. sömu laga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955 svo sem gert er í dóminum. Með tilvísun til sakaferils ákærða og framlagðra bréfa um heilsufar hans þykir mega fresta fullnustu refsingar hans og falli hún niður að 3 árum liðnum frá uppsögu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000,00 krónur, og málflutningslaun skipaðs verjanda síns, 25.000,00 krónur.

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur að öðru leyti en því að fresta skal fullnustu refsingar og hún falla niður að 3 árum liðnum frá uppsögu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000,00 krónur, og laun skipaðs talsmanns síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, 25.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 14. nóvember 1988.

Ár 1988, mánudaginn 14. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í lögreglustöðinni á Hvolsvelli í Rangárvallasýslu af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 602-604/1988: Ákærvaldið gegn X, Y og Steindóri Einarssyni, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara dagsettu 2. þ.m. á hendur ákærða X og Steindóri Einarssyni, Flúðaseli 91 í Reykjavík, fæddum á Selfossi 18. september 1966.

Í ákærunni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærðu „fyrir þjófnað með því að hafa aðfaranótt mánudagsins 13. júní 1988 brotist inn í frystigeymslu Hraðfrystihúss Stokkseyrar hf. á Stokkseyri og stolið þar 95 pundum af humri.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærðu og öðru því, sem fram er komið í málinu:

Aðfaranótt mánudagsins 13. júní sl. héldu ákærðu, X, Y og Steindór Einarsson, saman í bifreið austur á Stokkseyri í þeim tilgangi að brjótast þar inn og stela humri. Þegar austur kom fóru ákærðu X og Steindór út úr bifreiðinni, þar sem ákærði Y hafði lagt henni við salthús Hraðfrystihúss Stokkseyrar, og gengu þaðan að frystihúsinu, þar sem þeir fóru inn um silódyr og að frystiklefa á 1. hæð. Síðan sóttu þeir upp á efri hæð hússins verkfæri, sem þeir notuðu til að spenna með hespuna frá klefahurðinni, en að því stóðu þeir báðir.

Þeir héldu síðan inn í frystiklefann og tóku þar og slógu eign sinni á 19 öskjur af humri, hverja um sig 5 punda. Ákærðu héldu að þessu loknu á brott með fenginn í plastpokum sem þeir höfðu meðferðis og settu þá fyrir utan útidyrnar og gengu að bifreiðinni til ákærða Y sem bakkaði henni að dyrunum þar sem þýfið var, en það var sett í bifreiðina og henni ekið að heimili ákærða Steindórs, þar sem þýfið var geymt fram á næsta dag, en þá seldu ákærðu átta öskjur í veitingahúsið Hornið við Hafnarstræti og aðrar átta í veitingahúsið El Sombrero. Öskjurnar voru seldar á um eða yfir 14.000,00 krónur á hvorum stað. Ók ákærði Y á sölustaðina, en þar fóru þeir inn og önnuðust viðskiptin á meðan ákærði Y beið utan dyra í bifreiðinni. Peningunum skiptu ákærðu síðan jafnt á milli sín. Ákærði Y fékk einnig eina öskju í sinn hlut, ákærði X tvær, en ákærði Steindór enga. Seldu öskjurnar komust til skila að einni undanskilinni.

Niðurstöður.

Með játningum ákærðu, sem eru í samræmi við annað sem fram er komið í málinu, er sannað að ákærðu hafi gerst sekir um það sem þeim er gefið að sök í ákærinni og þar er rétt fært til refsíákvæðis.

Sakaferill ákærðu.

Samkvæmt vottorðum frá sakaskrá ríkisins hafa ákærðu X og Y ekki áður sætt kærnum og refsingum, svo að kunnugt sé, en samkvæmt vottorði sama aðila hefur ákærði Steindór sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1986 3/6 í Árnessýslu. Dómur: 1 mánaðar fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot á 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga.

1986 12/9 í Reykjavík. Sátt: 16.000,00 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi 12 mánuði frá 29.8. 1986.

1987 13/5 í Reykjavík. Sátt: 16.000,00 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. umferðarlaga.

1987 14/7 í Reykjavík. Sátt: 4.000,00 kr. sekt fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

1988 15/4 í Reykjavík. Sátt: 40.000,00 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga, sbr. 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. eldri umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 3 ár frá 15.11. 1987.

Refsingar.

Við ákvörðun refsingar ákærða Steindórs verður höfð hliðsjón af því að hann hefur með broti því sem hann nú er sakfelldur fyrir rofið skilorð dómsins frá 3. júní 1986. Verður refsingin samkvæmt þeim dómi því felld inn í þá refsingu sem ákærða verður nú ákveðin, sbr. 60. gr. almennra

hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22, 1955. Þykir refsing ákærða Steindórs hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

— — —

Skaðabætur.

Hraðfrystihús Stokkseyrar hf. hefur uppi í málinu sundurliðaða bótakröfu að fjárhæð 26.700,00 krónur vegna tjóns á því sem skilað var, vegna fjögurra askna sem vantaði og vegna tjóns á húsnæðinu. Þá gera kaupendur humarsins, Sigurður Thoroddsen, Framnesvegi 26 í Reykjavík, og Lose Alberto Valensia, bótakröfur vegna humarsins sem þeir keyptu og urðu að skila. Er krafa hins fyrrnefnda að fjárhæð 14.000,00 krónur en hins síðarnefnda að fjárhæð 14.250,00 krónur. Hafa ákærðu allir samþykkt kröfurnar sem þykja réttmætar og verða þeir því dæmdir til þess að greiða þær óskipt.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærðu samkvæmt 2. mgr. 142. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað óskipt.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Steindór Einarsson, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærðu X og Y sæti hvor um sig fangelsi í 2 mánuði, en fresta skal fullnustu refsinga þeirra beggja og niður skulu þær falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærðu hvor um sig almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu greiði óskipt í bætur:

Hraðfrystihúsi Stokkseyrar hf. 26.700,00 krónur, Sigurði Thoroddsen, Framnesvegi 26 í Reykjavík, 14.000,00 krónur og Lose Alberto Valensia 14.250,00 krónur.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað óskipt.
